

✉ Re: 202111199 - Ósk um umsögn, Stuðlagil

Búið til	9.8.2023 16:30:46
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	9.8.2023 16:30:43
Tilheyrir	📁 202307-0002 - Ósk um umsögn, Stuðlagil

Efni

Re: 202111199 - Ósk um umsögn, Stuðlagil

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	9.8.2023 16:30:43	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202307-0002.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Múlaþings þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á skipulagstillögu rammahluta aðalskipualgs Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um rammahlutann og tengdar deiliskipulagstillögur þann

Samkvæmt tölvubréfinu snýr breytingin að því að efnistökusvæði í landi Klaustursels sé bætt inn á skipulagsstillögunu. Ekki er þó fjallað um þá breytingu í uppfærðu fylgisskjali um aðalskipulagsbreytinguna heldur einungis fylgjandi mynd sem sýnir staðsetningu efnistökusvæðisins. Betra hefði verið að uppfæra tillöguna, bæði texta og uppdrátt, og fjalla um áhrifamatið áður en óskað var eftir umsögn.

Náttúrufræðistofnun gerir þó ekki athugasemd við áform um efnistökusvæðið sem er frekar lítið en þó virðist töluvert um önnur efnistökusvæði í nágrenninu, og því má velta fyrir sér hvort þörf sé á enn einu með tilheyrandi raski og ásýndaráhrifum. Mikilvægt er að huga vel að frágangi og stefna ætti að uppgræðslu sem mótvægisáðgerð.

Breytingin varðar einnig aukna heimild fyrir uppbyggingu á ferðaþjónustu við Grund og er í tölvubréfinu greint frá því að um áform um hótélbyggingu er að ræða og það töluvert stóra. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þau áform eða staðsetningu þeirra þar sem um ræktað eða raskað svæði er að ræða og áhrif á náttúru því frekar lítil. Óneitanlega mun mikil uppbygging mannvirkja hafa áhrif á ásýnd svæðisins og taka þarf tillit til þess við hönnun og aðra útfærslu á framkvæmd.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>
To: "Aðalsteinn Þórhallsson" <ath@hef.is>; "Thorsteinn" <tbr@hef.is>; "Brunavarnir á Austurlandi" <baa@eldvarnaeftirlit.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "Upplýsingar - Ferðamálastofa" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>
CC:
Subject: 202111199 - Ósk um umsögn, Stuðlagil
Date: 3.7.2023 16:31:04

Góðan daginn,
Í samræmi við bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs frá því fyrr í dag er hér óskað eftir umsögnum við skipulagstillögu rammahluta aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna uppbygginga ferðapjónustu við Stuðlagil.

Ráðið samþykkti að efnistökusvæði í landi Klaustursels yrði bætt inn á skipulagstillöguna, sjá staðsetningu á meðfylgjandi mynd. Gert er ráð fyrir að þar verði hægt að vinna um 9.000 m³ af efni ætlað í stígagerð og aðra uppbyggingu á svæðinu. Jafnframt er athygli vakin á breytingum sem hafa orðið frá kynningu vinnslutillögu á áformum við Grund þar sem stefnt er að uppbyggingu ferðapjónustu á 6.000 m² þar sem gert verður ráð fyrir 4-5 stjórnú hóteli með allt að 140 herbergjum, starfsmannaaðstöðu fyrir u.þ.b. 50 manns auk annarra stoð- og þjónusturýma.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (<mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is>) fyrir **10. ágúst nk.**

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
Sveitarfélagið Múlaþing
(354) 4700 700

soley.valdimarsdottir@mulathing.is
(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)
www.mulathing.is
(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C41a7a6ce4738482f853a08db7be2ccfb%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638239986637475136%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQljoV2luMzliLCJBTiI6I1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=h1Ep7BCaLeTIhGsv3pdVIBUV9vQqefFc%2F3MHn73ih%2Fc%3D&reserved=0)

Skilmálar varðandi tölvupóst
(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2Fis%2Fmoya%2Fpage%2Fskilmalar-vardandi-tolvupost&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C41a7a6ce4738482f853a08db7be2ccfb%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638239986637475136%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQljoV2luMzliLCJBTiI6I1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=xM74utEjMOzY3e7WRrcYGCG7fBQvhFZ43P6DvJoSUKY%3D&reserved=0)